

# Skil leik- og grunnskóla

## Skýrsla menntasviðs 2017



Kópavogsbær



## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Markmið og tilgangur með samstarfi leik- og grunnskóla.....	4
3. Staðan í dag .....	6
4. Samantekt og niðurstaða .....	9
Heimildaskrá.....	11

## Inngangur

Vanda þarf til verka við flutning barna milli leik- og grunnskóla. Hvernig til tekst getur haft áhrif á nám og líðan barnanna. Það er á ábyrgð menntastofnana að huga að skilum skólastiga og gæta þess að samfella verði í námi barna. Samvinna fagfólks á báðum skólastigum getur skipt sköpum.

Skólanefnd og leikskólanefnd samþykktu á fundum sínum í janúar 2016 að skipaður yrði starfshópur á vegum menntasviðs sem væri ætlað að skoða nánar mikilvægi jákvæðra skila milli skólastiga.

Hér á eftir verða dregnar saman niðurstöður vinnu starfshópsins og komið með tillögur að breytingum.

Leik- og grunnskólastarf er í sífelldri þróun og oft er innra starf stofnana með ólíku móti, þrátt fyrir að vera innan sama sveitarfélags. Með því að skoða innra starf skólanna er hægt að safna saman ýmsum verkefnum og hugmyndum sem hafa reynst vel og deila þeim áfram. Með auknu samstarfi milli skóla og annarra stofnana er hægt að gera skil milli skólastiganna sem jákvæðust fyrir alla, þar sem virðing fyrir þörfum hvers og eins er í hávegum höfð. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því hve lífandi starf á sér stað innan þessara stofnana og mikilvægi þess að vera opin fyrir framþróun og breytingum.

Samstarfshópurinn samanstóð af átta einstaklingum, sem allir eiga það sammerkt að vinna fyrir menntasvið Kópavogsbæjar. Strax í upphafi voru gerð drög að þeim verkefnum sem hópurinn átti að inna af hendi:

- Að greina hvernig samvinnu skólastiganna er háttað nú þegar.
- Meta árangur af þeim verkefnum sem þegar hefur verið ráðist í, t.a.m. sumardvöl.
- Skoða þau verkefni sem þegar eru framkvæmd í einstaka hverfum og reynst hafa vel m.t.t. hvort hægt sé að yfirfæra þau yfir til annarra hverfa.
- Koma með tillögur að nýjum leiðum til að tengja enn betur saman skólastigin.
- Endurskoða reglur og forsendur fyrir flutningi barna milli skólastiga, m.t.t. aukins sveigjanleika.
- Auka samstarf milli leik- og grunnskólakennara.

Starfshópurinn hefur fundað reglulega og skipst á skoðunum og hugmyndum. Hópurinn safnaði upplýsingum um þá samvinnu sem á sér stað í dag á milli leik- og grunnskóla bæjarins. Þá skoðaði hópurinn einnig Krikaskóla í Mosfellsbæ sem er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum tveggja til níu ára. Einnig kynnti Þórunn Jónasdóttir, sem á sæti í starfshópnum, fyrir hópnum meistaraverkefni sitt „Eins og að stíga í næstu tröppu“, en þar rannsakaði hún samfellu við skil leik- og grunnskóla í Kópavogi. Einnig kom Bryndís Snorradóttir deildarstjóri yngsta stigs Fellaskóla og kynnti fyrir hópnum samstarf leik- og grunnskóla í Fellahverfi í Reykjavík.



### Fulltrúar í starfshópi:

Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir, sérkennsluráðgjafi, leikskóladeild, Menntasvið

Guðmundur Ásmundsson, skólastjóri Kópavogsskóla

Hrefna Björk Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Salaskóla

Kristín Laufey Guðjónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Læk

Sigríður Ólafsdóttir, leikskólastjóri í Grænatúni

Sigurlaug Bjarnadóttir, deildastjóri leikskóladeildar, Menntasvið

Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar Menntasvið

Þórunn Jónasdóttir, aðstoðaskólastjóri í Hörðuvallaskóla

## Markmið og tilgangur með samstarfi leik- og grunnskóla

Þegar rýnt er í rannsóknir sem fjalla um skil milli skólastiga sést bersýnilega að samstarf milli ólíkra menntastofnana er mjög mikilvægt. Aðalnámskrá leik- og grunnskóla leggur ríka áherslu á að skólastigin komi sem best til móts við ólíkar þarfir barna á þessu tímabili. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun þeirra (Aðalnámskrá leiksskóla, 2011). Samstarf milli skólastiga er því afar þýðingarmikið svo að samfella skapist í námi og reynslu barna. (Dokett og Perry, 2006; Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2007; OECD, 2001; OECD, 2006).

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna, finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissri uppbyggingu náms. Ef litið er í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur, *Skil skólastiga - frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*, sést að samfella í reynslu barna er í heiðri höfð í þeim skólum sem hún skoðaði. Einnig kemur fram að þekkingarleysi fagaðila á báðum skólastigum gagnvart starfsháttum hvors annars leiðir oft til meira rofs eða endurtekningar en ástæða er til. Virðing og traust skólastiganna til hvors annars, ásamt aukinni þekkingu, er nauðsynleg til að brú myndist milli skólastiga. Rannsóknir benda til að samvinna og samræður kennara milli skólastiga snúist fyrst og fremst um ytra skipulag og framkvæmd skólaheimsókna, en minna fari fyrir kennslufræðilegu samtali. (Þórunn Jónasdóttir, 2014; Jóhanna Einarsdóttir, 2007; Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Megináhersla í samvinnu milli leik- og grunnskóla í dag eru skólaheimsóknir. Rannsókn Þórunnar Jónasdóttur sýnir að skólaheimsóknir stuðli ekki einar sér að samfellu milli skólastiganna því þær snúist ekki um nám barnanna heldur fyrst og fremst um ytri þætti skólstarfsins.

Mikilvægt er að skapa tækifæri fyrir kennara til samstarfs, til að efla faglega umræðu og svigrúm til að takast á við verkefni sem auka skilning og þekkingu á þörfum barna við skil leik- og grunnskóla. Ein af meginhindrunum fyrir góðu samstarfi milli skólastiga er að meiri samræming og samvinna ógni ríkjandi hefðum og starfsháttum sem kennarar eru ánægðir með (Gerður Óskarsdóttir, 2012). Þær rannsóknir sem skoðaðar hafa verið benda samt sem áður á að vilji kennara er fyrir hendi en skortur á tíma og fjármagni hamli samstarfi.

Sum hverfi á landinu hafa þó unnið að ýmsum verkefnum til að bæta skil milli skólastiganna. Til að mynda hefur Fellahverfið í Reykjavík hafið þróunarverkefni milli leik- og grunnskóla. Meginmarkmið þess er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Þar er meðal annars lögð áhersla á samvinnu kennara af báðum skólastigum með áherslu á:

- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi
- að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms

Helsti hvati verkefnisins var fjöldi ungra barna sem eru tvítyngdir í hverfinu, en í Fellaskóla eru yfir 70% nemenda tvítyngdir. Hefur þessi vinna meðal annars skilað bættum árangri í lestri og félagsfærni og gæti verið skólum í Kópavogi til eftirbreytni. Ekkert er nýtt undir sólinni og því kjörið að skoða önnur hverfi og læra af þeirra reynslu.





## Staðan í dag

Í Kópavogi eru nú starfandi 21 leikskólar og 9 grunnskólar og hafa þeir samstarf sín á milli eftir hverfum. Áhersla er lögð á að skil skólastiga verði sem eðlilegust fyrir börnin og einkennist af virðingu og umhyggju fyrir þörfum hvers og eins. Samstarf leik- og grunnskóla er í sífelldri þróun og unnið með mismunandi hætti í hverfum bæjarins. Þórunn Jónasdóttir rannsakaði skil leik- og grunnskóla í Kópavogi í ritgerð sinni, *Eins og að stíga í næstu tröppu*, en samkvæmt henni þurfa skólafirvöld að setja sér framtíðarsýn varðandi skil skólastiganna og styðja við góðar hugmyndir og framþróun.

Margt gott starf á sér stað innan Kópavogsbæjar sem ætlað er að styrkja skil milli skólastiga, þetta eru til að mynda;

### Skólaheimsóknir

Samstarf leik- og grunnskóla Kópavogs byggist fyrst og fremst á skólaheimsóknum, þar sem leikskólabörn koma í fylgd kennara sinna að skoða grunnskólann í sínu hverfi. Þessar heimsóknir fara yfirleitt bæði fram að hausti og vori. Reynt er að gera heimsóknirnar jákvæðar og spennandi fyrir börnin en þau meðal annars: skoða grunnskólann, hitta starfsfólk, taka þátt í kennslustund, taka þátt í samsöng, horfa á leiksýningar, taka þátt í vorhátíð og hitta skólavini. Grunnskólanemendur heimsækja einnig leiksskóla yfir veturinn en framkvæmd er ólík eftir skólahverfum.

### Vorskóli

Grunnskólar í Kópavogsbæ bjóða börnum og foreldrum þeirra í vorskóla að vori. Í vorskólann er þeim börnum boðið sem fara í 1. bekk í skólanum óháð frá hvaða leikskóla þau hafa verið í. Börnin hitta tilvonandi skólasystkini sín, skoða skólastofurnar sínar og vinna ýmis verkefni. Með þessu er hægt að vekja upp áhuga á skólanum fyrir sumarfríð sem ætti að auka eftirvæntingu barnanna. Foreldrum er boðið á fund með skólastjórnendum og kennurum á meðan börnin eru í vorskólanum. Skólastjórnendur kynna skólastarfið fyrir foreldrum, fara yfir reglur skólans og svara spurningum. Tilgangur vorskóla er að börn og foreldrar viti hvers er að vænta og það veiti þeim öryggi.

### Sumardvöl dægradvalar

Sumardvöl dægradvalar byrjaði sem þróunarverkefni á milli leik- og grunnskóla í einu hverfi bæjarins. Þróunarverkefnið gekk vel og í kjölfar þess hefur verðandi grunnskólabörnum í Kópavogi staðið til boða að hefja aðlögun að sinni grunnskólagöngu með því að hefja dægradvöl tveimur vikum áður en skólasetning fer fram. Meginmarkmið verkefnisins er að börnin aðlagist umhverfi

skólans áður en eiginlegt skólastarf hefst og verði því betur undirbúin fyrir grunnskólagöngu sína um haustið. Rannsóknir sýna að börn upplifa töluverða breytingu við að hefja nám í grunnskóla. Þau upplifa breyttar reglur; skólinn sé fyrst og fremst til að læra að lesa, skrifa og reikna. Þau líta svo á að hlutverk kennarans sé að kenna þeim að lesa, skrifa og reikna sem og að stjórna skólastofunni. Mörgum þeirra finnst þau hafa lítil áhrif á nám sitt (Jóhanna Einarsdóttir, 2006, 2010). Eitt af meginmarkmiðum með að hefja dvöl í dægradvöl áður en grunnskóli hefst er að skil á milli skólastiga verði auðveldari fyrir börnin. Þeim gefst þá tækifæri til að kynnst byggingunni, skólalóðinni og breyttum aðstæðum áður en skólinn fyllist af nemendum. Auk þess fá þau tækifæri til að kynnst innbyrðis og kynnst starfsmönnum dægradvalarinnar. Þetta fyrirkomulag hefur gefist afar vel og mælst vel fyrir jafnt hjá börnum, foreldrum og starfsmönnum grunnskóla.

Ofangreint verkefni felur jafnframt í sér samstarf leikskólans við grunnskólann í júnímánuði. Það samstarf byggir á að leikskólinn fái afnot af húsnæði dægradvala í grunnskólanum og flytji þar inn með elstu börn leikskólans um leið og dægradvöl líkur að vori. Starfsmenn leikskólanna sjá alfarið um skipulag þessa starfs.

### **Vináttuverkefni**

Vináttuverkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti ætlað leikskólabörnum og nemendum í yngstu bekkjum grunnskóla. Efnið heitir á frummálinu *Fri for mobberi* og er þýtt, staðfært, framleitt og gefið út í samstarfi við Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku og kom þar fyrst út árið 2007.

Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti. Í því er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.

Nánast allir leikskólar Kópavogs taka þátt í verkefninu og er almenn ánægja með það þar sem það er notað. Frá og með hausti 2017 munu átta grunnskólar í Kópavogi taka upp verkefnið í yngstu bekkjunum og geta þannig tengt við það starf sem unnið er í leikskólunum og skapað betri samfellu milli skólastiga. Með verkefninu er því hægt að vinna markvisst að forvörnum í eineltismálum með efni sem höfðar til yngstu barna grunnskólans og tengir við efni sem þau hafa jafnvel unnið með og þekkja vel úr leikskólanum sínum.



## **Gengið gegn einelti**

Á *degi gegn einelti* sameinast leikskólar, grunnskólar og félagsmiðstöðvar í göngu gegn einelti og öðrum uppákomum tengdu viðfangsefninu. Gangan hefur hlotið nafnið **Vináttuganga**. Skólastjórar leik- og grunnskóla og forstöðumenn félagsmiðstöðva vinna saman að skipulagningu þess dags.

## **Skilafundir**

Við færslu barna frá leikskóla í grunnskóla eru haldnir skilafundir í mars/apríl ár hvert. Sérkennslufulltrúi leikskóla og sérfræðipjónustufulltrúi grunnskóla skipuleggja fundina. Á fundunum veitir starfsfólk leikskóla upplýsingar til grunnskóla og dægradvala um stöðu hvers barns. Jafnframt er fundað með foreldrum og fulltrúum beggja skólastiga í einstaka málum.

Einnig heimsækir starfsfólk beggja skólastiga hvert annað til þess að tryggja gott upphaf skólagöngu. Að vori hittast deildarstjóri elstu deildar leiksskóla og deildarstjóri yngsta stigs grunnskóla ásamt verðandi umsjónarkennurum fyrsta bekkjar og forstöðumanna dægradvala til að miðla upplýsingum sín á milli um börnin.

## **Skólavinaverkefnið**

Leikskólar og grunnskóli í einu hverfi bæjarins hafa þróað í sameiningu skólavinaverkefni. Verkefninu er þannig háttað að leikskólabörn á síðasta ári í leikskóla eignast skólavin í fjórða bekk. Hver nemandi í fjórða bekk skrifar persónulegt bréf til eins nemanda í leikskólanum. Markmið með bréfinu er að kynna sig og stofna til vináttu sem fylgt er eftir með heimsóknum. Meginmarkmið verkefnis er að nemandi sem hefur skólagöngu í 1. bekk eigi stuðningsaðila í skólanum, vin í 5. bekk sem hann getur leitað til.

## **Samvinna og ábyrgð**

Ábyrgð á samstarfi þessara tveggja skólastiga er á höndum skólastjórnenda beggja skólastiga, kennara fyrsta bekkjar og deildarstjóra elstu barna í leikskóla. Mismunandi er hvernig samstarfið er skipulagt en einhverjir skólar funda saman að vori og skipuleggja samstarf næsta skólaárs. Samráðsfundir kennara beggja skólastiga eru frá einum fundi upp í þrjá á skólaári.





## Samantekt og niðurstaða

Ljóst er að margt gott starf er nú þegar í Kópavogi sem gerir skilin milli skólastiga sem heillavænlegust. Starfshópurinn hvetur til frekara samstarfs leik- og grunnskóla til að skapa enn betri samfellu milli skólastiga fyrir börnin. Markviss uppbygging náms barna er mikilvæg, því þarf að gæta þess að samfellan verði sem best. Ef vel á að takast til þarf að skapa tækifæri fyrir kennara af báðum skólastigum til að vinna saman. Skólar eru hvattir til að læra hverjir af öðrum og taka þátt í þróunarverkefnum.

Til að stuðla að enn betri samfellu milli skólastiga leggur starfshópurinn til eftirfarandi:

- Skapa þarf svigrúm til samstarfs kennara á elstu deild leikskóla, kennara fyrsta bekkjar grunnskóla sem og forstöðumönnum dægradvala. Samstarfið þarf að fela í sér gagnkvæmar heimsóknir kennara af báðum skólastigum til að fylgjast með starfinu. Jafnframt þarf að skipuleggja tíma svo að kennarar af báðum skólastigum geti fundað saman.
- Hver leikskóli hafi samstarf við ákveðinn hverfisskóla. Öll börn sem eru í viðkomandi leikskóla taki þátt í samstarfi við hverfisskóla hvort sem barnið mun hefja þar grunnskólagöngu sína eða ekki. Tryggja þarf að öll börn í leikskóla taki þátt í samstarfi sem skipulagt er á milli skólastiga. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi skólar vinni saman:

Tafla:

	Grunnskólar	Leikskólar
<b>Hverfi 1</b>	Álfhólsskóli	Álfaheiði Efstihjalli Fagrabrekka
	Snælandsskóli	Álfatún Furugrund Grænatún
<b>Hverfi 2</b>	Kársnesskóli	Kópasteinn Marbakki Urðarhóll
	Kópavogsskóli	Kópahvoll Skólatróð

	Grunnskólar	Leikskólar
<b>Hverfi 3</b>	Lindaskóli	Dalur Núpur
	Salaskóli	Fífusalir Rjúpnahæð
	Smáraskóli	Arnarsmári Lækur
<b>Hverfi 4</b>	Hörðuvallaskóli	Austurkór Baugur Kór
	Vatnsendaskóli	Sólhvörf Aðalþing



- Mikilvægt er að grunnskólar í samstarfi við leikskóla bjóði börnum sem eru að flytja úr bæjarfélaginu að taka þátt í vorskólanum svo að öll börn fái að njóta þeirra upplifunnar.
- Skilafundum milli leik- og grunnskóla verði fylgt eftir með fundum að hausti sem haldnir eru í skólunum.
- Lagt er til að leik- og grunnskólar ræði saman í hverju hverfi hvort leikskólinn fái aðstöðu í húsnæði skólans fyrir elstu deild leiksskólans eftir að dægradvöl lýkur og fram að sumarfrí leikskólans. Í þessari tillögu er vísað til tilraunaverkefnis sem nefnt hefur verið.
- Endurskoðuð verði viðmið um flýtingu og seinkun á skilum leik- og grunnskóla með hliðsjón af lögum og reglugerðum.
- Lærdómssamfélag - menntabúðir. Skapað yrði lærdómssamfélag milli starfsfólks á elstu deildum leikskóla og yngsta stigs grunnskóla í hverju hverfi fyrir sig. Miðað er við hverfaskiptingu eins og notuð er við samræmingu skipulagsdaga, sjá töflu að ofan um hverfaskiptingu. Til að byrja með gæti slíkt þróunarverkefni farið af stað í einu hverfi. Reynsla af lærdómssamfélagi hefur verið að gefa góða raun, en verkefnið *Okkar mál* í Fellahverfi í Reykjavík er gott dæmi. Sjá nánar á heimasíðu verkefnis <http://tungumalatorg.is/okkarmal/>
- Skapa þarf vettvang til að deila hugmyndum milli hverfa og til að kynna þróunarverkefni.
- Leikskólar eru að fara í þróunarverkefni undir handleiðslu Ásthildar B. Snorradóttur, um snemmtæka íhlutun, varðandi málþroska. Lagt er til að einn grunnskóli taki þátt í verkefninu til að styrkja samfellu milli skólastiga.
- Setja þarf mælanleg markmið með þróunarverkefnum svo hægt sé að meta árangur þeirra.
- Hugað verði að skilum skólastiga við gerð menntastefnu í Kópavogi.
- Menntasvið verði í öllu sínu starfi meðvitað um að brúa bil milli skólastiga og stuðla að samstarfi.
- Lagt er til að menntasvið fari í tilraunaverkefni með Kópavogsskóla og Leikskólanum Urðarhóli/Skólatröð um víðtækt samstarf sem snýr m.a. að nýtingu húsnæðis og mannauðs. Verkefnið yrði skilgreint nánar í samstarfi við skólastjóra, foreldra og starfsfólk.

Það er mat nefndarinnar að hægt sé að bæta skilin milli skólastiga með nokkuð einföldum hætti. Til þess þarf aukið samstarf, virðingu og vilja til að kynna sér betur þá vinnu sem innt er af hendi á hverjum stað fyrir sig. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tíma til að funda og meta aðstæður svo að þeir geti í sameiningu fundið bestu lausnirnar. Einnig er jákvætt að hverfi innan Kópavogs deili með hvert öðru því sem

vel er gert. Samfella við skil skólastiga er talin hafa afgerandi áhrif á upplifun barns af grunnskólagöngu sinni. Það er því eftir miklu að slægjast við uppbyggingu skólakerfis sem leggur áherslu á slíka samfellu, en um þau segir svo í aðalnámskrá grunnskóla:

Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni, sem börnin öðluðust í leikskóla, verður því þannig sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á. Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun (bls.74 – 75).

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011.

Aðalnámskrá leiksskóla 2011.

Dockett, S. og Perry, B. (2006). *Starting school: A handbook for early childhood educators*. New South Wales, Australia: Pademelon Press.

Gerður G. Óskarsdóttir, 2012. *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jóhanna Einarisdóttir, 2007. „Við megum ráða þegar við erum búin með bækurnar“: *Reynsla í 1. Bekk grunnskóla*. Uppeldi og menntun 17

Jóhanna Einarisdóttir, 2010. *Á sömu leið: Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla*. Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af: <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/006.pdf>.

OECD (2001). *Starting strong: Early education and care*.

OECD (2006). *Starting strong II: Early childhood education and care*.

Þórunn Jónasdóttir, 2014. „Eins og að stíga í næstu tröppu“ *Samfella við skólaskil leik- og grunnskóla í Kópavogi*



**Kópavogsbær**